

Fundur - 25.október 2005

Ár 2005 þann 25. október kom stjórn Barmahlíðar saman á fundi kl. 20:00. Mætt Gústaf Jökull Ólafsson, Björk Bárðardóttir og Guðmundur Ólafsson. Hjúkrunarforstjóri sat einnig fundinn auk sveitarstjóra er reit fundargerð.

- 1) Farið yfir fundargerð síðasta fundar sem haldinn var 30. ágúst. Stjórnin ítrekar að slökkviliðsstjóri þarf að gera rýmingaráætlun fyrir heimilið sem allra fyrst í samráði við hjúkrunarforstjóra.
- 2) Uppsögn hjúkrunarforstjóra. Lagt var fram bréf Valgerðar Baldursdóttur hjúkrunarforstjóra. Hún sagðist telja þrjú ár í starfi ágætan tíma og sagðist fara sátt við guð og menn. Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir nýjum hjúkrunarforstjóra.
- 3) Námsleyfi frá störfum, erindi frá Málfríði Vilbergsdóttur (lagt fram til kynningar). Stjórnin lýsir yfir ánægju sinni með þetta, en um er að ræða framhaldsnám fyrir sjúkraliða í öldrunarhjúkrun. Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir sjúkraliða.
- 4) Lyfjamál og afleysingar. Rætt um skipulag þessara hluta.
- 5) Rætt um úrbætur á húsnæði Barmahlíðar, biðlista (á honum eru 8 manns) og fleira.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:30

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)  
Guðmundur Ólafsson (sign)  
Björk Bárðardóttir (sign)  
Valgerður Baldursdóttir (sign)  
Einar Örn Thorlacius (sign)